

HÚSEYJARKVÍSL OG SVARTÁ 1991

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1992

VMST-N/92001X



VEIÐIMÁLASTOFNUN – NORÐURLANDSDEILD

Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki

HÚSEYJARKVÍSL 1991

INNGANGUR

Rafveiðar til að kanna útbreiðslu, viðgang og árgangastyrkleika laxaseiða í Húseyjarkvísl og Svartá voru framkvæmdar 9/8 1991 og fóru fram með svipuðu sniði og undanfarin ár. Að þessu sinni var veitt á átta stöðum og var leitast við að veiða á því sem næst sömu stöðum og á undanförnum árum.

Ræktunarstarf á svæðinu hefur hingað til nær eingöngu takmarkast við seiðasleppingar. Árangur sleppinga er kannaður með rafveiðum á sleppisvæðum á ólaxgengum hlutum árinna og með greiningu hreistursýna af lögum sem veiðast á göngu upp í ána. Vaxtarmynstur sleppiseiða er frábrugðið því sem er hjá seiðum úr náttúruklaki og það endurspeglast í hreistrinu. Þótt þessi aðferð sé ekki 100% örugg þá tel ég að með henni fái nokkuð góð vísending um árangur sleppinga. Það er því mikilvægt að góðum sýnum sé safnað reglulega úr veiðinni.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Niðurstöður rafveiðanna eru settar fram í Töflu 1 og á Mynd 2. Staðsetning veiðistaða kemur fram á Mynd 1. Ástandið á laxgengum svæðum var mjög svipað og verið hefur á undanförunum árum, en þó voru seiðin með stærra móti að þessu sinni, einkum vörgömlu seiðin. Góður seiðavöxtur á rætur sínar að rekja til hagstæðs tíðarfars sumarið 1991.

Á fundi með ræktunarnefnd Stangaveiðifélagsins Strauma, sem er leigutaki árinna, var mikið rætt um hvort hrygningarstofn árinna gæti verið of lítill. Ég tel afar ólíklegt að svo geti verið.

Á malarbotninum við Saurbæ takmarkar skjól fyrir stærri seiði þéttleika þeirra. Seiði á þriðja ári (2+) sem þar fengust voru öll í lítilli grjóthruðu við austurlandið. Það mætti auka verulega framleiðslu þessa svæðis með því að gera grjótaskjól í ánni þar sem sámilegur straumur er. Þetta gæti einnig orðið til þess að fleiri seiði lifðu af fyrsta árið og með því gæti fengist betri nýting á uppeldisskilyrðum á efsta kafla laxgenga svæðisins, í gilinu fyrir neðan fossinn. Þar eru ekki hrygningarskilyrði fyrir lax og seiði sem þar eru koma neðan frá eftir að hafa lent í miklum afföllum vegna harðar samkeppni um búsvæði þar sem skjól er takmarkandi þáttur.

Rafveitt var á þremur stöðum í Svartá, á þeim stöðum þar sem uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði eru best. Ekki veiddist eitt einasta seiði á þessum stöðum, en í rafveiðunum 1990 veiddist töluverður fjöldi 2+ seiða framan til á ánni (staðir 2 og 3) og 1+ seiði fyrir ofan Reykjafoss (staður 4).

Þessi seiði virðast öll hafa gengið til sjávar vorið 1991. Á fundinum með ræktunarnefndinni kom í ljós að sleppingar í Svartá í júní 1991 voru allar á svæðinu á milli þessara staða. Ég efa ekki að þetta svæði getur framleitt eitthvað af gönguseiðum, en legg áherslu á að þar verður að sleppa mjög dreift, og einungis á þá staði þar sem grjótaskjól er og sæmilegur straumur. Ég legg til að sömu mennirnir sleppi seiðum á hverju ári og að þeir fái fagmann með sér við sleppingarnar eitt árið, helst nú í vor.

Niðurstöður rafveiða í Mælifellsá voru í góðu samræmi við útkomuna árið á undan. Sleppiseiðin frá 1990 hafa dafnað vel neðan til í ánni og munu að líkindum flest ganga út sem 2+ gönguseiði vorið/sumarið 1992.

Ekki var veitt í Grófargilsá að þessu sinni. Þar tel ég þó að eigi að leggja áherslu á að nýta uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði með sleppingum, einkum í neðri hluta árinna frá Húseyjarkvísl og um 1 km fram fyrir bæinn Grófargil. Þegar framur dregur sýnist mér að áin sé víða ekki nógu grýtt, auk þess sem hún verður mjög vatnslítill í þurrkatíð. Þarna gæti verið heppilegt að sleppa um 1000-1500 seiðum árlega.

Laxveiðin í Húseyjarkvísl sumarið 1991 varð í tæpu meðallagi og á svipuðu róli og undanfarandi tvö ár. Hlutfallslega mikið veiddist af smálaxi sem er alltaf frekar merki um bata. Til samanburðar varð veiðin s.l. tvö ár þessi:

Ár	Smálax	Stórlax	Samtals
1989	48	65	113
1990	20	69	89
1991	69	34	103

Meðalveiðin í Húseyjarkvísl 1974-1990 eru 104 laxar. Laxveiði á Norðurlandi vestra árin 1989-1991 varð víðast langt undir meðallagi, í sumum tilfellum um eða innan við 50% af meðalveiði. Ég tel að árangur smáseiðasleppinga á ólaxgeng svæði skýri að hluta til hvers vegna veiðin í Húseyjarkvísl hélt sér tiltölulega vel á þessum árum. Einnig getur verið að nýting uppeldisskilyrða á laxgenga svæðinu spili þar inn í. Þéttleiki seiða á efsta kaflanum virðist aldrei verða svo mikill að samkeppni um fæðu verði þar alvarlegt vandamál, jafnvel í árum þegar tíðarfar er óhagstætt.

Niðurstöður aldursgreininga hreistursýna eru teknar saman í Töflu 2. Hlutur smálaxa sem eru upprunnir úr

smáseiðasleppingum voru um 15% og gönguseiðasleppingar skiluðu svipuðu. Niðurstöður rafveiða benda til að mikil aukning hafi orðið á gönguseiðaframleiðslu ólaxgengra svæða 1991, en hún mun líklega minnka aftur 1992, því þá mun gönguseiðaframleiðsla af ólaxgengum svæðum að líkindum takmarkast af mestu við 2+ seiði úr Mælifellsá (slepping 1990).

Það ár var einning sleppt seiðum í Víðimýrará (þ.e. framantil í Grófargilsá), Vatnsá og Borgará. Ekki hefur verið fylgst með afkomu seiða á þessum stöðum. Í Vatnsá eru skilyrði til uppeldis ágæt neðantil í ánni en áin hefur ekki verið könnuð ofar. Uppeldisskilyrði í Borgará eru mjög rýr, þar er víða sléttur og skjóllítill klapparbotn og seiðasleppingar þar skila litlum árangri.

Alls var sleppt 3500 gönguseiðum í Húseyjarkvísl 1990 og af þeim er áætlað að um 10 hafi veiðst sem smálaxar 1991 eða rúm 0.3%. Til samanburðar má geta þess að hliðstæðar sleppingar í Vatnsdalsá og Miðfjarðará skiluðu sér 1.0 og 1.8% í smálaxaveiðinni 1991.

Síðan 1986 hefur verið sleppt árlega 6000-12000 seiðum árlega á ólaxgeng svæði. Árið 1986 var sleppt 8500 seiðum og 6000 árið 1987. Áætluð skil úr þessum sleppingum í veiði eru þannig:

Slepping 1986:

Smálax	1989	50%	af	48	=	24
Stórlax	1990	50%	af	69	=	35
Smálax	1990	25%	af	20	=	5
Stórlax	1991	25%	af	34	=	8
Samtals						72

Slepping 1987:

Smálax	1990	17%	af	20	=	3
Stórlax	1991	25%	af	34	=	8
Smálax	1991	6%	af	69	=	4
Samtals						15

Lauslega áætlað virðast því smáseiðasleppingarnar 1986 og 1987 hafa skilað sér í veiði rúm 0.8% og 0.2% hvort árið. Það verður að taka þessum tölum með varúð því það er ekki fyrr en 1991 að það liggur sémilegt úrtak af hreistursýnum til grundvallar þessum áætlunum. Það er þó ljóst að sleppingin frá 1987 hefur skilað sér fremur illa, og mun ver en almennt gerist þar sem árangur smáseiðasleppinga hefur verið kannaður. Mestur hluti þessarar sleppingar gekk út vorið 1989 en sá árgangur heimtist óvenju illa. Sleppiseiði frá 1986 sem gengu út þetta sama vor hafa að líkindum skilað sér betur enda hafa þau verið tiltölulega stór en hæfileiki seiða til vaxtar í köldu umhverfi eykst með stærð þeirra.

ÁLYKTANIR

Ég tel að enn sé ekki fullreynt hver árangur smáseiðasleppinga geti orðið í Húseyjarkvísl. Sé vandað vel til þeirra má búast við að árangur gæti legið á bilinu 0.6-1.5% í veiði flest árin.

Þegar meta á hagkvæmni gönguseiðasleppinga þarf að taka mið af því að þær munu líklega seint skila sama árangri í Húseyjarkvísl og í stóru laxveiðiánum þar sem líklega er mun betur vandað til framleiðslu seiðanna. Það er dýrt og varla raunhæft að skapa kjöraðstæður fyrir litla hópa í gönguseiðaframleiðslu. Það má þó reikna með að hægt sé að hafa meiri áhrif á hvar laxar veiðist úr gönguseiðasleppingum. Seiði sem sleppt er ofan Reykjafoss og skila sér aftur munu að líkindum veiðast mest á efsta svæðinu þar sem veiðin er mest fyrir.

Ég tel að rétt sé að leggja verulega aukna áherslu á að bæta búsvæði fyrir seiði á laxgenga hluta Húseyjarkvíslar. Þetta gæti verið varanlegri ræktunaraðgerð en seiðasleppingar, sem mætti í sumum tilfellum tengja veiðistaðagerð. Að gera grjótaskjól í ánni er ekki síður hollt tómsfundagaman en laxveiðarnar sjálfar, sem ættu að geta orðið ánægjuríkari fyrir bragðið.

Tafla 1. Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m² eftir aldri og veiðistað 9/8 1991.

Svartá

Staður nr	Stærð m	Lax				Umriði >0+
		0+	1+	2+	3+	
2	50x10	-	-	-	-	-
3	40x12	-	-	-	-	-
4	50x15	-	-	-	-	-

Húseyjarkvísl

1	40x10	-	8.0	2.0	-	-
2	30x14	6.9	2.6	1.0	-	1.9


Mælifellsá

2	50x8	-	-	-	0.3	-
3	50x10	-	0.6	-	0.4	-
5	50x12	-	1.8	-	-	0.3


Tafla 2. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna af löxum veiddum í Húseyjarkvísl 1991.

Ferskvatnsaldur	Sjávaraldur			
	1 ár		2 ár	
	fj	%	fj	%
1+(gs)	7	15	-	-
2+(ss)	4	9	5	25
3+(ss)	3	6	5	25
3+	27	57	10	50
4+	6	13	-	-
Samtals	47	100	20	100

GS- Úr gönguseiðasleppingu
 SS- Úr smáseiðasleppingu



Mynd 1. Yfirlitskort af vatnasvæði Húseyjarkvíslar.



Mynd 2. Lengdar- og aldersdreifing veiddara laxaseiða í Húseyjarkvísl og Mælifellsá 9. ágúst 1991.